

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 512/2014

2015/EES/23/56

frá 16. apríl 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 912/2010 um að koma á fót Evrópustofnun um hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐIÐ HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 172. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Af sameinuðum ákvæðum 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1285/2013 ⁽³⁾ og 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 912/2010 ⁽⁴⁾ leiðir að Evrópustofnun um hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi (hér á eftir nefnd „stofnunin“) á að tryggja öryggisviðurkenningu faggildingaraðila fyrir evrópsk leiðsögukerfi um gervihnött (hér á eftir nefnd „kerfin“) og innleiða í því skyni öryggisráðstafanir og fylgjast með að eftir þeim sé farið og annast öryggisúttektir.
- 2) Kerfin eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1285/2013. Þetta eru flókin kerfi og fjöldi hagsmunaaðila þarf að gegna ólíkum hlutverkum við að koma þeim á og reka þau. Í þessu samhengi er afar áriðandi að allir hagsmunaaðilar, sem koma að framkvæmd Galíleó- og EGNOS-áætlananna (hér á eftir nefndar „áætlanirnar“), fari með og verndi trúnaðarupplýsingar ESB í samræmi við grundvallarreglur og lágmarkskröfur, sem settar eru fram í öryggisreglum framkvæmdastjórnarinnar og ráðsins um vernd trúnaðarupplýsinga ESB og að 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1285/2012, sem tryggir jafngilda vernd trúnaðarupplýsinga ESB, gildi eftir því sem við á um alla þá hagsmunaaðila sem koma að framkvæmd þessara áætlana.
- 3) Þeir hagsmunaaðilar sem taka þátt í og verða fyrir áhrifum af öryggisviðurkenningarferli faggildingaraðila eru aðildarríki, framkvæmdastjórnin, viðeigandi stofnanir Sambandsins og Geimvísindastofnun Evrópu (ESA) og þeir aðilar sem taka þátt í sameiginlegri aðgerð ráðsins 2004/552/SSUÖ ⁽⁵⁾.
- 4) Í ljósi þess hversu sértæk og flókin kerfin eru, þær stofnanir sem koma að framkvæmd þeirra eru ólíkar og hugsanlegir notendur breiður hópur ætti að greiða fyrir öryggisviðurkenningu faggildingaraðila með viðeigandi samráði allra hlutaðeigandi aðila, s.s. landsyfirvalda aðildarríkja og þriðju landa, sem reka netkerfi er tengjast því kerfi sem komið er á fót innan ramma Galíleóáætlunarinnar vegna lögverndaðrar almannþjónustu, annarra yfirvalda í aðildarríkjum, Geimvísindastofnunar Evrópu eða, ef kveðið er á um slíkt í alþjóðasamningi, þriðju landa sem hýsa jarðstöðvar fyrir kerfin.
- 5) Til þess að unnt sé að framkvæma með viðeigandi hætti þau verk er tengjast öryggisviðurkenningu faggildingaraðila er afar brýnt að framkvæmdastjórnin láti í té allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að unnt sé að leysa þau verk af hendi. Einnig er mikilvægt að starf faggildingaraðila er varðar öryggisviðurkenningu sé samræmt starfi stofnana sem bera ábyrgð á stjórnun áætlanna í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1285/2013 og starfi annarra eininga sem bera ábyrgð á að koma öryggisákvæðum til framkvæmda.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 72. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2015 frá 25. febrúar 2015 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB C 198, 10.7.2013, bls. 67.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 12. mars 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. apríl 2014.

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1285/2013 frá 11. desember 2013 um framkvæmd og nýtingu evrópskra leiðsögukerfa um gervihnött og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 876/2002 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 683/2008 (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 1).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 912/2010 frá 22. september 2010 um að koma á fót Evrópustofnun um hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi, um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1321/2004 um að koma á fót stofnunum til að annast rekstur evrópsku áætlanna um fjarleiðsögu um gervihnött og um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 683/2008 (Stjtið. ESB L 276, 20.10.2010, bls. 11).

(5) Sameiginleg aðgerð ráðsins 2004/552/SSUÖ frá 12. júlí 2004 um þætti í starfrækslu evrópska fjarleiðsögukerfisins um gervihnött sem hafa áhrif á öryggi Evrópusambandsins (Stjtið. ESB L 246, 20.7.2004, bls. 30).

- 6) Nálgun sem byggir á áhættumati og áhættustjórnun sem beita skal ætti að fylgja bestu starfsvenjum. Hún ætti að taka til öryggisráðstafana í samræmi við hugtakið um lagskiptar varnir. Í henni ætti að hafa hliðsjón af því hversu líklegt er að áhættan komi fram eða sá atburður verði sem ógn stendur af. Hún ætti einnig að vera hófleg, viðeigandi og kostnaðarhagkvæm með tilliti til kostnaðar við framkvæmdarráðstafanir til að draga úr áhættu borið saman við síðari öryggisávinning. Markmið lagskiptra varna er að efla öryggi kerfanna með því að koma til framkvæmda tæknilegum öryggisráðstöfunum og öðrum öryggisráðstöfunum sem eru skipulagðar sem marglaga varnir.
- 7) Þróun, þ.m.t. viðeigandi tengd rannsóknarstarfsemi, og framleiðsla PRS-viðtökubúnaðar og PRS-öryggiseininga telst vera sérlega viðkvæm starfsemi. Af þeim sökum er brýnt að koma á ferlum vegna leyfisveitinga framleiðenda PRS-viðtökubúnaðar og PRS-öryggiseininga.
- 8) Enn fremur ættu, í ljósi mögulega mikils fjölda netkerfa og búnaðar er tengjast kerfinu sem er komið á fót innan ramma Galíleóáætlunarinnar, einkum til notkunar á PRS-tækni, meginreglur varðandi öryggisviðurkenningu faggildingaraðila fyrir þessi netkerfi og búnað að vera skilgreindar í áætluninni um öryggisviðurkenningu faggildingaraðila til þess að tryggja einsleitni faggildingar án þess að ganga á valdheimildir lögbærra aðila í aðildarríkjunum á sviði öryggismála. Beiting þessara meginreglna myndi gera stöðuga áhættustjórnun mögulega og draga úr þörfinni á að hraða öllum aðgerðum til að draga úr áhættu á vettvangi kerfisins sem myndu hafa neikvæð áhrif á kostnað, tímaáætlun, frammistöðu og þjónustuveitingu.
- 9) Lögbærir aðilar á sviði öryggismála í landinu þar sem fyrirtækið sem framleiðir vörurnar hefur staðfestu ætti að meta og samþykkja tæki og ráðstafanir til verndar gegn rafsegulgeislun (þ.e. gegn hlerunum með rafeindatækni) og dulkóðunartæki sem eru notuð til að stuðla að öryggi kerfanna. Í tengslum við dulkóðunartæki ætti mat og samþykki að vera með viðbótum í samræmi við meginreglurnar í 26.–30. lið IV. viðauka við ákvörðun ráðsins 2013/488/ESB ⁽⁶⁾. Það yfirvald, sem ber ábyrgð á öryggisviðurkenningu faggildingaraðila fyrir kerfin, ætti að staðfesta úrval þessara samþykktu tækja og ráðstafana með hliðsjón af heildaröryggiskröfum kerfanna.
- 10) Í reglugerð (ESB) nr. 912/2010, einkum í III. kafla, er með skýlausum hætti mælt fyrir um með hvaða skilmálum stofnunin á að sinna verkefnum sínum að því er varðar öryggisviðurkenningu faggildingaraðila á kerfunum. Einkum er kveðið á um að taka verði ákvarðanir um öryggisviðurkenningu faggildingaraðila, að meginreglu til, óháð framkvæmdastjórninni og þeim stofnunum sem bera ábyrgð á framkvæmd áætlana og að yfirvaldið sem annast öryggisviðurkenningu kerfanna sé sjálfstæður aðili innan stofnunarinnar og taki sjálfstæðar ákvarðanir.
- 11) Í reglugerð (ESB) nr. 912/2010 er, í samræmi við þessa meginreglu, komið á fót faggildingarráði um öryggisviðurkenningu fyrir evrópsk, hnattræn gervihnattaleiðsögukerfi (hér á eftir nefnt „faggildingarráð um öryggisviðurkenningu“) sem er, ásamt stjórninni og framkvæmdastjórnunum, einn þriggja aðila stofnunarinnar. Faggildingarráð um öryggisviðurkenningu annast þau verkefni sem stofnunin felur því er varða öryggisviðurkenningu faggildingaraðila og hefur heimild til að taka ákvarðanir um öryggisviðurkenningu fyrir hönd stofnunarinnar. Það setur sér starfsreglur og skipar formann.
- 12) Að því gefnu að framkvæmdastjórnin eigi að tryggja öryggi áætlana, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1285/2013, þ.m.t. öryggi kerfanna og rekstur þeirra, ætti starfsemi faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu að takmarkast við öryggisviðurkenningu kerfanna og vera með fyrirvara um verkefni og ábyrgðarsvið framkvæmdastjórnarinnar. Þetta á einkum við í tengslum við verkefni og ábyrgðarsvið framkvæmdastjórnarinnar skv. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1285/2013 og 8. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1104/2011/ESB ⁽⁷⁾, þ.m.t. samþykkt hvers konar skjals á sviði öryggismála á grundvelli framseldrar gerðar, framkvæmdargerðar eða á annan hátt í samræmi við þær greinar. Með fyrirvara um þessi verkefni og ábyrgð framkvæmdastjórnarinnar ætti faggildingarráði um öryggisviðurkenningu þó, í ljósi sérþekkingar sinnar og innan valdheimilda sinna, að vera heimilt að veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf við gerð draga að texta þeirra gerða sem um getur í téðum greinum.

⁽⁶⁾ Ákvörðun ráðsins 2013/488/ESB frá 23. september 2013 um reglur varðandi öryggismál til verndar trúnaðarupplýsingum ESB (Stjtið. ESB L 274, 15.10.2013, bls. 1).

⁽⁷⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1104/2011/ESB frá 25. október 2011 um reglur varðandi aðgang að lögverndaðri almannabjónustu um hnattræn gervihnattaleiðsögukerfi sem er komið á fót samkvæmt Galíleóáætluninni (Stjtið. ESB L 287, 4.11.2011, bls. 1).

- 13) Ganga ætti úr skugga um að starfsemi er tengist öryggisviðurkenningu faggildingaraðila fari fram með fyrirvara um valdheimildir og rétt aðildarríkja að því er varðar öryggisviðurkenningu faggildingaraðila.
- 14) Í tengslum við öryggismál geta hugtökin „úttektir“ og „prófanir“ tekið til öryggismats, -skoðana, -endurskoðana, -úttekta og -prófana.
- 15) Til að geta unnið starf sitt með skjótum og skilvirkum hætti verður faggildingarráð um öryggisviðurkenningu að geta komið á fót viðeigandi undirsettum aðilum sem starfa samkvæmt fyrirmælum þess. Faggildingarráðið ætti einkum koma á fót nefnd sem er því til aðstoðar við undirbúning ákvarðana.
- 16) Koma ætti á fót sérfræðingahópi aðildarríkjanna undir eftirliti faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu sem annast þau verkefni dreifingaryfirvalds vegna dulkóðunarmála (e. Crypto Distribution Authority) sem tengjast stjórnun dulkóðunarefnis ESB. Setja ætti þennan hóp á fót tímabundið til að tryggja samfellu í stjórnun öryggisþátta samskipta í útfærsluáfangi Galíleóáætlunarinnar. Beita ætti varanlegri lausn við framkvæmd slíkra rekstrarlegra verkefna til lengri tíma þegar kerfið, sem er komið á fót innan ramma Galíleóáætlunarinnar, er komið í fullan rekstur.
- 17) Í reglugerð (ESB) nr. 1285/2013 eru skilgreindir stjórnunarhættir hins opinbera fyrir áætlanirnar á tímabilinu 2014–2020. Hún felur framkvæmdastjórninni heildarábyrgð á áætlununum. Hún tekur einnig til þeirra verkefna sem stofnuninni eru falin og kveður m.a. á um að stofnunin skuli gegna mikilvægu hlutverki við nýtingu kerfanna og hámarkun félagslegs og hagræns ávinnings af þeim.
- 18) Í þessu nýja samhengi er brýnt að tryggja að faggildingarráð um öryggisviðurkenningu geti annast þau verkefni sem því eru falin algerlega óháð öðrum, einkum öðrum aðilum stofnunarinnar og annarri starfsemi hennar, og komist hjá hagsmunaárekstrum. Af þeim sökum er brýnt að aðgreina enn frekar, innan stofnunarinnar sjálfar, starfsemi sem tengist öryggisviðurkenningu faggildingaraðila frá annarri starfsemi hennar, s.s. stjórnun öryggiseftirlitsmiðstöðvar Galíleó, vinnu að undirbúningi fyrir markaðssetningu kerfanna og hvers konar starfsemi sem framkvæmdastjórnin kann að framselja til stofnunarinnar, einkum starfsemi sem tengist nýtingu kerfanna. Faggildingarráð um öryggisviðurkenningu og það starfsfólk stofnunarinnar sem lýtur stjórn þess ætti í þessu skyni að starfa á þann hátt að tryggja sjálfræði og sjálfstæði þeirra með hliðsjón af annarri starfsemi stofnunarinnar. Koma ætti á raunverulegri og skilvirkri skiptingu milli hinna ýmsu starfssviða innan stofnunarinnar eigi síðar en 1. janúar 2014. Innri starfsmannareglur stofnunarinnar ættu einnig að tryggja óháði og sjálfstæði þeirra starfsmanna sem annast öryggisviðurkenningu faggildingaraðila gagnvart því starfsfólki sem sinnir annarri starfsemi stofnunarinnar.
- 19) Af þeim sökum ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 912/2010 til þess að efla sjálfstæði og valdheimildir faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu og formanns þess og almennt að aðlagja það sjálfstæði og valdheimildum stjórnar og framkvæmdastjóra stofnunarinnar, eftir því sem við á, en gera jafnframt kröfu um samstarf milli hinna ýmsu aðila innan stofnunarinnar.
- 20) Við skipun í stjórnirnar og kosningu formanna þeirra og varaformanna ætti að hafa hliðsjón af mikilvægi þess að fullt tillit sé tekið til jafnvægis í hlutfalli kynjanna, eftir því sem við á. Enn fremur ætti að hafa hliðsjón af viðeigandi færni á sviði stjórnunar, framkvæmdastjórnunar og fjármálastjórnunar.
- 21) Faggildingarráð um öryggisviðurkenningu, fremur en stjórnin, ætti að undirbúa og samþykka þann hluta af vinnuáætlunum stofnunarinnar sem lýsir rekstrarlegri starfsemi er tengist öryggisviðurkenningu kerfanna, svo og þann hluta af ársskýrslunni sem varðar starfsemi og framtíðarhorfur hjá stofnuninni með hliðsjón af öryggisviðurkenningu kerfanna. Faggildingarráðið ætti að leggja þær fram í góðan tíma fyrir stjórnina svo að unnt sé að fella þær inn í vinnuáætlun og ársskýrslu stofnunarinnar. Það ætti einnig að vera yfir formann sinn sett.

- 22) Æskilegt er að fela formanni faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu hlutverk sambærilegt því sem framkvæmdastjóri yfir annarri starfsemi stofnunarinnar hefur. Af þeim sökum ætti formaður faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu að stýra öryggisviðurkenningarstarfsemi undir stjórn faggildingarráðsins og sjá til þess að sá hluti af vinnuáætlunum stofnunarinnar, sem tengist faggildingu komi til framkvæmda, auk þess að koma fram fyrir hönd stofnunarinnar eins og þegar er kveðið á um samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 912/2010. Formaður faggildingarráðsins ætti einnig, að beiðni Evrópuþingsins eða ráðsins, að leggja fram skýrslu um framkvæmd verkefna faggildingarráðsins og gefa yfirlýsingar frammi fyrir þeim.
- 23) Koma ætti á viðeigandi ferlum fyrir þau tilvik þegar stjórnin samþykkir ekki vinnuáætlanir stofnunarinnar til þess að tryggja að slíkt hafi ekki áhrif á öryggisviðurkenningarferlið og að unnt sé að framfylgja því án hlés.
- 24) Í ljósi þess að allmörg þriðju lönd eru þátttakendur og hugsanlegrar þátttöku alþjóðastofnana í áætlunum, þ.m.t. í öryggismálum, ætti að setja skýr ákvæði um að fulltrúar alþjóðastofnana og þriðju landa, einkum Sviss, sem gera ætti samstarfssamning við ⁽⁸⁾, geti, í undantekningartilvikum og með vissum skilyrðum, tekið þátt í starfi faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu. Tilgreina ætti slík skilyrði í alþjóðasamningi við Sambandið í samræmi við 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að teknu tilliti til öryggisþátta og sér í lagi verndar trúnaðarupplýsinga ESB. Samstarfssamningurinn um leiðsögu um gervihnött milli Evrópusambandsins og aðildarríkja þess og Konungsríkisins Noregs ⁽⁹⁾, svo og bókun 31 og 37 við EES-samninginn, setja þegar ramma um þátttöku Noregs. Það ætti að vera mögulegt að leita samráðs við faggildingarráð um öryggisviðurkenningu innan valdheimilda þess og í ljósi þeirrar sérþekkingar sem það býr yfir áður en gegnið er til samningaviðræðna um slíka samninga eða meðan á þeim stendur.
- 25) Laga ætti reglugerð (ESB) nr. 912/2010 að þeim meginreglum sem er að finna í sameiginlegri nálgun Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar gagnvart dreifstýrðum stofnunum, sem stofnanirnar þrjár samþykktu 5. júlí, 26. júní og 12. júní 2012, í þeirri röð, einkum með hliðsjón af reglum um samþykkt ákvarðana stjórnar, skipunartíma stjórnarfulltrúa og fulltrúa í faggildingarráði um öryggisviðurkenningu og formanna þeirra, því hvort fyrir liggi vinnuáætlun til margra ára, valdheimildum stjórnar varðar starfsmannamál, mati og endurskoðun á þeirri reglugerð, hvernig koma á í veg fyrir og hafa stjórn á hagsmunaárekstrum og hvernig fara á með upplýsingar sem eru ekki trúnaðarflokkaðar en eru taldar viðkvæmar. Ferlið við samþykkt vinnuáætlunar til margra ára ætti að fara fram í fullu samræmi við meginreglurnar um samstarf af heilindum og með hliðsjón af tímamörkum í tengslum við slíka vinnuáætlun.
- 26) Með vísun til þess að koma í veg fyrir og hafa stjórn á hagsmunaárekstrum er brýnt að stofnunin afli sér og viðhaldi orðstír hlutleysis, heilinda og mikilla faglegra gæða. Aldrei ætti að koma fram lögmæt ástæða til að ætla að ákvarðanir kynnu að hafa verið teknar undir áhrifum af hagsmunum, sem eru í andstöðu við hlutverk stofnunarinnar sem aðila sem þjónar Sambandinu í heild, eða af einkahagsmunum eða tengslum starfsmanns stofnunarinnar, útsends sérfræðings aðildarríkis eða áheyrnarfulltrúa, eða fulltrúa í stjórn eða faggildingarráði um öryggisviðurkenningu, sem myndi eða kynni að leiða til árekstrar við eðlilega framgöngu við opinber skyldustörf viðkomandi einstaklings. Stjórnin og faggildingarráð um öryggisviðurkenningu ættu því að samþykkja alhliða reglur um hagsmunaárekstra sem taka til stofnunarinnar í heild. Þessar reglur ættu að hafa hliðsjón af tilmælum, sem Endurskoðunarrétturinn gaf út í sérskýrslu sinni nr. 15 frá 2012, sem var tekin saman að beiðni Evrópuþingsins, og af nauðsyn þess að forðast hagsmunaárekstra milli fulltrúa í stjórninni og fulltrúa í faggildingarráði um öryggisviðurkenningu.
- 27) Til þess að tryggja gagnsæi í starfsemi stofnunarinnar skal birta starfsreglur hennar. Þó ætti í undantekningartilvikum að vernda vissa hagsmuni almennings og einkaaðila. Til þess tryggja snurðulausa framkvæmd áætlanna ættu vinnuáætlanir til margra ára og til eins árs, sem og ársskýrslan, að vera eins ítarlegar og kostur er. Þær gætu af þessum sökum tekið til efnis sem er viðkvæmt með tilliti til öryggisþátta eða samningsbundinna tengsla. Því væri rétt að birta einungis samantekt úr þessum skjölum. Í þágu gagnsæis ættu þessar samantektir engu að síður að vera eins heildstæðar og kostur er.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 15, 20.1.2014, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 283, 29.10.2010, bls. 12.

- 28) Einnig ætti að leggja áherslu á að koma á fót vinnuáætlunum stofnunarinnar á grundvelli árangursstjórnunarferlis, þ.m.t. frammistöðuvisar, til að meta árangur með skilvirkum og árangursríkum hætti.
- 29) Í vinnuáætlunum stofnunarinnar ætti einnig að koma fram áætlun yfir tilföng, þ.m.t. mannauð og fjármagn, til hvernar starfsemi og með tilliti til þess að mæta ætti kostnaði vegna þarfar stofnunarinnar fyrir fleira starfsfólk að hluta til með viðeigandi samdrætti í stöðugildum hjá framkvæmdastjórninni á sama tímabili, þ.e. frá 2014–2020.
- 30) Með fyrirvara um pólitíska ákvörðun varðandi aðsetur stofnana Sambandsins, hversu æskileg landfræðileg dreifing er og markmið aðildarríkjanna að því er varðar aðsetur nýrra stofnana, eins og það er sett fram í niðurstöðum fulltrúa aðildarríkjanna, sem komu saman á vettvangi þjóðhöfðingja eða ríkisstjórna í Brussel 13. desember 2003, og minnt var á í niðurstöðum leiðtogaráðsins frá júní 2008, ætti að taka tillit til hlutlegra viðmiðana í ákvarðanatökuferlinu þegar kemur að því að velja hvar staðsetja skuli staðarskrifstofur stofnunarinnar. Þessar viðmiðanir taka til aðgengileika húsnæðis, að fyrir liggi viðeigandi menntunarniðir fyrir börn starfsmanna og útsendra sérfræðinga aðildarríkjanna, aðgangs að vinnumarkaði, almannatryggingakerfi og heilsugæslu fyrir fjölskyldur starfsmanna og útsendra sérfræðinga aðildarríkjanna, ásamt kostnaði við framkvæmd og rekstur.
- 31) Gistiríkin ættu, innan ramma sérstaks fyrirkomulags, að láta í té nauðsynleg skilyrði til snuðulauss rekstrar stofnunarinnar, s.s. vegna menntunar og flutninga.
- 32) Fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna ákváðu með ákvörðun 2010/803/ESB ⁽¹⁰⁾ að aðsetur stofnunarinnar skuli vera í Prag. Gerður var gistiríkjasamningur milli Tékklands og stofnunarinnar 16. desember 2011, sem öðlaðist gildi 9. ágúst 2012. Lítið er svo á að gistiríkjasamningurinn og annað sérstakt fyrirkomulag uppfylli kröfur reglugerðar (ESB) nr. 912/2010.
- 33) Verja skal fjárhagslega hagsmuni Sambandsins með hæfilegum ráðstöfunum á útgjaldatímabilinu, einkum með því að koma í veg fyrir eða greina misfellur, gera kannanir, endurheimta fjármuni sem hafa glatast, verið ranglega greiddir eða hefur verið illa stjórnað og, ef nauðsyn krefur, með því að beita viðurlögum.
- 34) Í ljósi þess að 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1285/2013 heimilar aðildarríkjunum að leggja til viðbótarfjármagn til þess að fjármagna tiltekna þætti áætlunar ætti stofnuninni að vera heimilt að úthluta samningum í félagi við aðildarríkin þegar slíkt á við vegna framkvæmdar verkefna stofnunarinnar.
- 35) Stofnunin ætti að beita reglum framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar öryggi trúnaðarupplýsinga ESB. Hún ætti einnig að setja reglur um meðferð upplýsinga sem eru ekki trúnaðarflokkaðar en eru taldar viðkvæmar. Einungis ætti að beita þessum reglum að því varðar meðferð stofnunarinnar á slíkum upplýsingum. Upplýsingar, sem eru ekki trúnaðarflokkaðar en eru taldar viðkvæmar, eru upplýsingar eða efni sem stofnunin ætti að vernda vegna lagalegra skuldbindinga sem mælt er fyrir um í sáttmálunum og/eða vegna þess að þær eru viðkvæmar. Þetta tekur til en takmarkast ekki við upplýsingar eða efni sem fellur undir þagnarskyldu, eins og um getur í 339. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, upplýsingar er varða málefni sem um getur í 4. mgr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 ⁽¹¹⁾ eða upplýsingar innan gildissviðs reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ⁽¹²⁾.
- 36) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 912/2010 til samræmis við það.

⁽¹⁰⁾ Ákvörðun 2010/803/ESB tekin með sameiginlegu samkomulagi fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna frá 10. júní 2010 um aðsetur Evrópustofnunar um hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi (Stjtið. ESB L 342, 28.12.2010, bls. 15).

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43).

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 912/2010 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2.–8. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

Verkefni

Verkefni stofnunarinnar skulu vera þau sem eru sett fram í 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1285/2013 (*).

3. gr.

Aðilar

1. Aðilar stofnunarinnar skulu vera:

- a) stjórnin,
- b) framkvæmdastjórinn,
- c) faggildingarráð um öryggisviðurkenningu fyrir evrópsk, hnattræn gervihnattaleiðsögukerfi.

2. Aðilar stofnunarinnar skulu sinna verkefnum sínum eins og tilgreint er í 6., 8. og 11. gr., eftir því sem við á.

3. Stjórnin og framkvæmdastjórinn, faggildingarráð um öryggisviðurkenningu og formaður þess skulu starfa í sameiningu að því að tryggja rekstur stofnunarinnar og samræmingu milli aðila hennar í samræmi við þau ferli sem ákvörðuð eru í innri starfsreglum stofnunarinnar, s.s. starfsreglum stjórnar, starfsreglum faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu, fjárhagsreglum sem eiga við um stofnunina, framkvæmdarreglum varðandi stöðu starfsmanna og reglum um aðgang að skjölum.

4. gr.

Réttarstaða, staðarskrifstofur

1. Stofnunin skal vera stofnun Sambandsins. Hún skal hafa réttarstöðu lögaðila.

2. Stofnunin skal hafa það réttthæfi og gerhæfi í hverju aðildarríki sem löggjöf þess framast veitir lögaðilum. Stofnunin getur m.a. aflað eða afsalað sér fasteignum og lausafé og átt aðild að málarekstri.

3. Stofnunin getur ákveðið að koma sér upp staðarskrifstofum í aðildarríkjunum, með fyrirvara um samþykki þeirra, eða í þriðju löndum sem taka þátt í starfi stofnunarinnar í samræmi við 23. gr.

4. Staðsetning þessara skrifstofa skal ákveðin á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem eru skilgreindar til að tryggja snurðulausan rekstur stofnunarinnar.

Ákvæði er tengjast því að koma á fót og staðsetja stofnunina í gístiaðildarríkjunum og gístilönd, sem eru þriðju lönd, og ákvæði er varða hagræði, sem þau veita framkvæmdastjóranum, stjórnarfulltrúum, fulltrúum í faggildingarráði um öryggisviðurkenningu og starfsmönnum stofnunarinnar og aðstandendum þeirra eru með fyrirvara um sértækt fyrirkomulag sem stofnunin hefur komið á með þessum aðildarríkjum og löndum. Stjórnin skal samþykkja slíkt sértækt fyrirkomulag.

5. Gístiaðildarríkin og gístilönd, sem eru þriðju lönd, skulu, í því sértæka fyrirkomulagi sem um getur í 4. mgr., setja fram nauðsynleg skilyrði fyrir snurðulausum rekstri stofnunarinnar.

6. Með fyrirvara um f-lið 1. mgr. 11. gr. a skal framkvæmdastjórinn koma fram fyrir hönd stofnunarinnar.

5. gr.

Stjórn

1. Hér með er komið á fót stjórn til að leysa af hendi þau verkefni sem talin eru upp í 6. gr.

2. Stjórnin skal skipuð eftirtöldum aðilum:

- a) einum fulltrúa frá hverju aðildarríki,
- b) fjórum fulltrúum sem framkvæmdastjórnin skipar,
- c) einum fulltrúa án atkvæðisréttar sem Evrópuþingið skipar.

Stjórnarfulltrúar og fulltrúar í faggildingarráði um öryggisviðurkenningu skulu skipaðir á grundvelli viðeigandi reynslu sinnar og sérþekkingar.

Skipunartími stjórnarfulltrúanna skal vera fjögur ár og heimilt er að endurnýja hann einu sinni. Evrópuþingið, framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu leitast við að skipta fulltrúum sínum í stjórninni út fyrir aðra eins sjaldan og kostur er.

Formanni eða varaformanni faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu, fulltrúa æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og fulltrúa Geimvísindastofnunar Evrópu skal boðið að sitja fundi stjórnar sem áheyrnarfulltrúar með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í starfsreglum stjórnar.

3. Ef við á skal þátttaka fulltrúa þriðju landa eða alþjóðastofnana og skilyrði þar að lútandi sett fram í samningunum sem um getur í 1. mgr. 23. gr. og skal hún vera í samræmi við starfsreglur stjórnar.

4. Stjórnin kys sér formann og varaformann úr eigin röðum. Varaformaður skal sjálfkrafa taka sæti formanns í forföllum hans. Skipunartími formanns og varaformanns skal vera tvö ár og hann má endurnýja einu sinni og hverjum skipunartíma skal ljúka þegar stjórnarsetu þeirra lýkur.

Stjórn skal hafa heimild til að víkja formmanni, varaformanni eða báðum úr sæti.

5. Formaður boðar til stjórnarfunda.

Framkvæmdastjóri skal alla jafna taka þátt í umræðum nema formaður ákveði annað.

Stjórnin skal halda tvo almenna fundi á ári. Að auki kemur stjórnin saman að frumkvæði formanns eða að beiðni a.m.k. eins þriðja hluta stjórnarmanna.

Stjórnin má bjóða hverjum þeim sem kann að hafa eitthvað til málanna að leggja að sitja fundi hennar sem áheyrnarfulltrúi. Með fyrirvara um starfsreglur stjórnar er stjórnarfulltrúum heimilt að leita aðstoðar ráðgjafa eða sérfræðinga.

Stofnunin skal annast skrifstofuþjónustu fyrir stjórnina.

6. Stjórnin skal taka ákvarðanir með hreinum meirihluta stjórnarmanna nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð.

Tvo þriðju hluta atkvæða allra stjórnarmanna þarf til að kjósa eða víkja úr sæti formanni og varaformanni stjórnar, eins og um getur í 4. mgr., og til að samþykkja fjárhagsáætlun og vinnuáætlanir.

7. Hver fulltrúi aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar skal hafa eitt atkvæði. Framkvæmdastjórnin skal ekki greiða atkvæði. Ákvarðanir, sem byggjast á a- og b-lið 2. mgr. 6. gr. og 5. mgr. 6. gr., nema í þeim málum sem falla undir III. kafla, skal ekki samþykkja nema fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar greiði því atkvæði.

Í starfsreglum stjórnar skal kveða nánar á um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu, einkum skilyrði fyrir því að stjórnarfulltrúi komi fram fyrir hönd annars stjórnarfulltrúa.

6. gr.

Verkefni stjórnar

1. Stjórnin skal sjá til þess að stofnunin sinni þeim störfum sem henni eru falin, með þeim skilyrðum sem eru sett fram í þessari reglugerð, og skal hún taka allar nauðsynlegar ákvarðanir í því skyni, með fyrirvara um þær valdheimildir sem faggildingarráði um öryggisviðurkenningu eru fengnar að því er varðar starfsemi sem fellur undir III. kafla.
2. Stjórnin skal einnig:
 - a) samþykkja, eigi síðar en 30. júní á fyrsta ári fjárhagsramma til margra ára, sem kveðið er á um skv. 312. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, vinnuáætlun stofnunarinnar til margra ára fyrir það tímabil sem fellur undir fjárhagsrammann til margra ára eftir að hafa fellt inn í, án breytinga, þann þátt sem faggildingarráð um öryggisviðurkenningu tekur saman í samræmi við a-lið 4. mgr. 11. gr. og að fengu álit framkvæmdastjórnarinnar. Hafa skal samráð við Evrópuþingið um þessa áætlun til margra ára, að því tilskildu að tilgangurinn með samráðinu sé sá að hafa skoðanaskipti og að niðurstaðan sé ekki bindandi fyrir stofnunina,
 - b) samþykkja, eigi síðar en 15. nóvember ár hvert, vinnuáætlun stofnunarinnar fyrir komandi ár þegar sá þáttur, sem faggildingarráð um öryggisviðurkenningu tekur saman, er felldur inn, án breytinga, í samræmi við b-lið 4. mgr. 11. gr. og að fengu álit framkvæmdastjórnarinnar,
 - c) sinna verkefnum sínum samkvæmt fjárhagsáætluninni sem mælt er fyrir um í 5., 6., 10. og 11. mgr. 13. gr. og 5. mgr. 14. gr.,
 - d) fylgjast með rekstri öryggiseftirlitsmiðstöðvar Galileo, eins og um getur í ii. lið a-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1285/2013,
 - e) samþykkja tilhögun við framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 (**), í samræmi við 21. gr. þessarar reglugerðar,
 - f) samþykkja tilhögunina sem um getur í 2. mgr. 23. gr., að höfðu samráði við faggildingarráð um öryggisviðurkenningu um þessi ákvæði fyrirkomulags við öryggisviðurkenningu,
 - g) samþykkja nauðsynlegar tækniðgerðir til að sinna verkefnum sínum,
 - h) samþykkja ársskýrslu um starfsemi og framtíðarhorfur stofnunarinnar eftir að hafa fellt inn, án breytinga, þáttinn sem faggildingarráð um öryggisviðurkenningu tekur saman í samræmi við c-lið 4. mgr. 11. gr. og framsenda hana til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og Endurskoðunarréttarins eigi síðar en 1. júlí,
 - i) tryggja að niðurstöðum og tilmælum, sem byggjast á mati og úttektum sem um getur í 26. gr., sé fylgt eftir og þeim sem leiðir af rannsóknum á vegum Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum og öllum innri eða ytri úttektarskýrslum, og framsenda til fjárveitingaavaldsins allar upplýsingar sem varða niðurstöðu matsferlisins,
 - j) njóta samráðs af hálfu framkvæmdastjórans að því er varðar framsalssamninga sem um getur í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1285/2013 fyrir undirritun þeirra,
 - k) samþykkja, á grundvelli tillögu framkvæmdastjóra, samkomulag um vinnutilhögun milli stofnunarinnar og Geimvísindastofnunar Evrópu sem um getur í 4. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1285/2013,
 - l) samþykkja, á grundvelli tillögu framkvæmdastjóra, áætlun til að berjast gegn svikum,

m) samþykkja stjórnskipulag stofnunarinnar þegar nauðsyn krefur og á grundvelli tillagna framkvæmdastjóra,

n) setja sér starfsreglur og birta þær.

3. Hvað starfsfólk stofnunarinnar varðar skal stjórnin fara með það umboð sem henni er falið samkvæmt starfsmannareglum embættismanna Evrópusambandsins (***) („starfsmannareglur“) að því er varðar skipunaryfirvald og ráðningarskilmálum annarra starfsmanna að því er varðar það yfirvald sem hefur heimild til að gera ráðningarsamninga („heimildir skipunaryfirvalds“).

Stjórnin skal samþykkja, í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 110. gr. í starfsmannareglunum, ákvörðun, byggða á 1. mgr. 2. gr. starfsmannareglanna og 6. gr. ráðningaskilmála annarra starfsmanna, um að framselja viðeigandi heimildir skipunaryfirvaldsins til framkvæmdastjóra og skilgreina með hvaða skilyrðum fella má þetta framsal heimilda niður. Framkvæmdastjórinn skal gefa stjórninni skýrslu um beitingu þessara framseldu heimilda. Framkvæmdastjóranum skal vera heimilt að framselja áfram þessar valdheimildir.

Við beitingu annarrar undirgreinar þessarar greinar getur stjórnin, ef slíks er krafist í undantekningartilvikum, tekið ákvörðun um að fella tímabundið úr gildi framsal heimilda skipunaryfirvalds til framkvæmdastjórans og þær heimildir sem hann framselur áfram og beitt þeim sjálf eða framselt þær einum eða fleiri fulltrúum sínum eða starfsmanni öðrum en framkvæmdastjóra.

Þrátt fyrir aðra undirgrein skal þess þó krafist að stjórnin framselji formanni faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu þær heimildir, sem um getur í fyrstu undirgrein og varða ráðningar, mat og endurflokkun á þeim starfsmönnum sem taka þátt í þeirri starfsemi sem fellur undir III. kafla, og agabætandi ráðstafanir sem grípa verður til í tengslum við slíka starfsmenn.

Stjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir starfsmannareglanna og ráðningarskilmála annarra starfsmanna í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 110. gr. starfsmannareglanna. Fyrst skal hún hafa samráð við faggildingarráð um öryggisviðurkenningu og taka tilhlýðilegt tillit til athugasemda þess að því er varðar ráðningar, mat, endurflokkun á þeim starfsmönnum, sem taka þátt í starfsemi skv. III. kafla, og viðeigandi agabætandi ráðstafanir sem gera skal.

Hún skal einnig samþykkja ákvörðun þar sem mælt er fyrir um reglur um að sérfræðingar aðildarríkjanna færist tímabundið til starfa við stofnunina. Stjórnin skal hafa samráð við faggildingarráð um öryggisviðurkenningu áður en ákvörðunin er samþykkt, með hliðsjón af útsendingu sérfræðinga aðildarríkjanna sem taka þátt í öryggisviðurkenningu faggildingaraðila sem um getur í III. kafla og skal taka tilhlýðilegt tillit til athugasemda þess.

4. Stjórnin skal skipa framkvæmdastjóra og getur framlengt eða stýtt skipunartíma hans skv. 3. og 4. mgr. 15. gr. b.

5. Stjórnin skal vera yfir framkvæmdastjóran sett í tengslum við frammistöðu hans, einkum að því er varðar öryggismál sem falla innan valdheimilda stofnunarinnar, þó ekki í tengslum við starfsemi sem fram fer í samræmi við III. kafla.

7. gr.

Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjórinn fer með stjórn stofnunarinnar og skal lúta eftirliti stjórnar við embættisfærslu sína með fyrirvara um þær valdheimildir sem veittar eru faggildingarráði um öryggisviðurkenningu og formanni þess í samræmi við 11. gr. og 11. gr. a, eftir því sem við á.

Með fyrirvara um valdheimildir framkvæmdastjórnarinnar og stjórnar skal forstjórinn vera óháður öðrum í störfum sínum og hvorki óska eftir né taka við fyrirmælum frá ríkisstjórnnum eða öðrum aðilum.

8. gr.

Verkefni framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjórinn skal annast eftirfarandi verkefni:

- a) koma fram fyrir hönd stofnunarinnar nema að því er varðar starfsemi og ákvarðanir teknar í samræmi við II. og III. kafla, og undirrita framsalssamninganna, sem um getur í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1285/2013, í samræmi við j-lið 2. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar,
- b) undirbúa það samkomulag um vinnutilhöggun milli stofnunarinnar og Geimvísindastofnunar Evrópu sem um getur í 4. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1285/2013, leggja það fyrir stjórn í samræmi við k-lið 2. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar og undirrita það að fengnu samþykki stjórnar,
- c) undirbúa starf stjórnar og taka þátt í starfi hennar, án atkvæðisréttar, sbr. þó aðra undirgrein 5. mgr. 5. gr.,
- d) annast framkvæmd ákvarðana stjórnar,
- e) gera vinnuáætlanir stofnunarinnar til margra ára og til eins árs og leggja fyrir stjórnina til samþykktar, þó ekki þá hluta sem faggildingarráð um öryggisviðurkenningu tekur saman og samþykkir í samræmi við a- og b-lið 4. mgr. 11. gr.,
- f) annast framkvæmd vinnuáætlana til margra ára og til eins árs, þó ekki þeirra hluta sem formaður faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu kemur til framkvæmda í samræmi við b-lið 1. mgr. 11. gr. a,
- g) taka saman framvinduskýrslu um framkvæmd árlegrar vinnuáætlunar og, ef við á, vinnuáætlunar til margra ára fyrir hvern fund stjórnar þar sem felldur er inn, án breytinga, sá þáttur sem formaður faggildingarráðsins hefur tekið saman, í samræmi við d-lið 1. mgr. 11. gr. a,
- h) taka saman ársskýrslu um starfsemi stofnunarinnar og framtíðarhorfur, þó ekki þann hluta sem faggildingarráð um öryggisviðurkenningu tekur saman og samþykkir í samræmi við c-lið 4. mgr. 11. gr. að því er varðar þá starfsemi sem fellur undir III. kafla, og leggja fyrir stjórn til samþykktar,
- i) gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að starfsemi stofnunarinnar sé í samræmi við þessa reglugerð, þ.m.t. samþykkt innri stjórnsýslufyrirmæla og birting tilkynninga,
- j) taka saman drög að áætlun um tekjur og útgjöld stofnunarinnar í samræmi við 13. gr. og sjá um framkvæmd fjárhagsáætlunar í samræmi við 14. gr.,
- k) sjá til þess að stofnunin sé, sem rekstraraðili öryggiseftirlitsmiðstöðvar Galíleó, fær um að bregðast við þeim fyrirmælum sem kveðið er á um í sameiginlegri aðgerð ráðsins 2004/552/SSUÖ (****) og geti rækt það hlutverk sitt sem um getur í 6. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1104/2011/ESB (*****),
- l) tryggja dreifingu allra viðeigandi upplýsinga, einkum hvað varðar öryggismál, milli aðila stofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar,

- m) senda framkvæmdastjórninni álit stofnunarinnar hvað varðar tæknilegar og rekstrarlegar forskriftir sem eru nauðsynlegar til að koma þeirri kerfisþróun til framkvæmda sem um getur í d-lið 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1285/2013, þ.m.t. skilgreiningin á viðurkenningar- og endurskoðunarferlum, og rannsóknarstarf sem styður við þessa þróun,
- n) útbúa, í nánu samstarfi við formann faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu að því er varðar faggildingarstarf sem fellur undir III. kafla þessarar reglugerðar, stjórnskipulag stofnunarinnar og leggja fyrir stjórn til samþykktar,
- o) fara, að því er varðar starfsmenn stofnunarinnar, með þær valdheimildir sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. 6. gr. að því marki sem honum hafa verið fengnar þær heimildir í samræmi við aðra undirgrein hennar,
- p) samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir, að fengnu samþykki stjórnar, til að koma upp staðarskrifstofum í aðildarríkjunum eða þriðju löndum í samræmi við 3. mgr. 4. gr.,
- q) tryggja að faggildingarráð um öryggisviðurkenningu, þeir aðilar sem um getur í 11. mgr. 11. gr. og formaður faggildingarráðsins njóti þjónustu aðalskrifstofunnar og nauðsynlegra tilfanga til að rekstur þeirra gangi snurðulaust fyrir sig,
- r) gera aðgerðaáætlun til að tryggja að fylgt sé eftir niðurstöðum og tilmælum úr matsgerðum og úttektum, sem um getur í 26. gr., þó ekki þeim þætti aðgerðaáætlunarinnar er varðar starfsemi sem fellur undir III. kafla, og leggja, án breytinga þegar hann hefur verið felldur inn, þáttinn sem faggildingarráð um öryggisviðurkenningu hefur gert drög að, framvinduskýrslu tvisvar á ári fyrir framkvæmdastjórnina, sem skal einnig leggja fyrir stjórn til upplýsinga,
- s) gera eftirtaldir ráðstafanir til að vernda fjárhagslega hagsmuni Sambandsins:
- forvarnarráðstafanir gegn svikum, spillingu eða öðru ólöglegu athæfi og nýta til þess skilvirkar eftirlitsráðstafanir,
 - endurheimta fjárhæðir sem hafa verið greiddar með óréttmætum hætti ef misfellur hafa verið greindar og beita, eftir því sem við á, fjárhagslegum og stjórnsýslulegum viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi,
- t) leggja drög að áætlun stofnunarinnar um að berjast gegn svikum sem er í réttu hlutfalli við áhættu af svikum, með hliðsjón af kostnaðar- og ábatagreiningu þeirra ráðstafana sem koma eiga til framkvæmda og með tilliti til niðurstaðna og tilmæla sem leiðir af rannsóknum Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum, og leggja fyrir stjórn til samþykktar.

- (*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1285/2013 frá 11. desember 2013 um framkvæmd og nýtingu evrópskra leiðsögukerfa um gervihnött og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 876/2002 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 683/2008 (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 1).
- (**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43).
- (***) Starfsmannareglur embættismanna og reglur um ráðningarkjör annarra starfsmanna Evrópusambandsins sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE, KBE, KSE) nr. 259/68 (Stjtið. EB L 56, 4.3.1968, bls. 1).
- (****) Sameiginleg aðgerð ráðsins 2004/552/SSUÖ frá 12. júlí 2004 um þætti í starfrækslu evrópska fjarleiðsögukerfisins um gervihnött sem hafa áhrif á öryggi Evrópusambandsins (Stjtið. ESB L 246, 20.7.2004, bls. 30).
- (*****) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1104/2011/ESB frá 25. október 2011 um reglur varðandi aðgang að lögverndaðri almannathjónustu um hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi sem er komið á fót samkvæmt Galíleóáætluninni (Stjtið. ESB L 287, 4.11.2011, bls. 1).“

2) Eftirfarandi grein er felld inn:

„8. gr. a

Vinnuáætlanir og ársskýrsla

1. Í vinnuáætlun stofnunarinnar til margra ára, sem um getur í a-lið 2. mgr. 6. gr., skal mæla fyrir um þær aðgerðir sem stofnunin skal ráðast í á tímabili fjárhagsrammans til margra ára sem kveðið er á um í 312. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, þ.m.t. aðgerðir er tengjast alþjóðasamskiptum og þeim samskiptum sem hún ber ábyrgð á. Í áætluninni skal setja fram heildaráætlun um skipulag, þ.m.t. markmið, áfanga, niðurstöður sem vænst er og frammistöðuvísar, og áætlun yfir tilföng, þ.m.t. mannauð og fjármagn til hvernar starfsemi um sig. Í henni skal taka tillit til þess mats og þeirra úttekta sem um getur í 26. gr. þessarar reglugerðar. Í upplýsingaskyni skal vinnuáætlunin til margra ára einnig taka til lýsingar á yfirfærslu verkefna sem framkvæmdastjórnin felur stofnuninni, þ.m.t. verkefni varðandi stjórnun áætlana sem um getur í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1285/2013.

2. Árleg vinnuáætlun, sem um getur í b-lið 2. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar, skal byggjast á vinnuáætluninni til margra ára. Í henni skal mæla fyrir um þær aðgerðir sem stofnunin skal grípa til á komandi ári, þ.m.t. aðgerðir er tengjast alþjóðasamskiptum og þeim boðskiptum sem hún ber ábyrgð á. Árlega vinnuáætlunin skal fela í sér ítarleg markmið og niðurstöður sem vænst er, þ.m.t. frammistöðuvísar. Í henni skal tilgreina með skýrum hætti hvaða verkefni hafa bæst við, hefur verið breytt eða felld brott, borið saman við fyrra fjárhagsár og breytingar á frammistöðuvísu og markgildum þeirra. Í áætluninni skulu einnig koma fram mannauður og fjármagn til hverrar starfsemi. Í upplýsingaskýni skal hún taka til verkefna sem framkvæmdastjórnin hefur falið stofnuninni með framsalssamningi, eins og krafist er, skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1285/2013.

3. Þegar stjórnin hefur samþykkt vinnuáætlanir til margra ára og til eins árs skal framkvæmdastjórinn framsenda þær til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og birta samantekt þeirra.

4. Í ársskýrslunni, sem um getur í h-lið 8. gr. þessarar reglugerðar, skulu koma fram upplýsingar um:

- a) framkvæmd vinnuáætlana til margra ára og til eins árs, þ.m.t. með hliðsjón af frammistöðuvísu,
- b) framkvæmd fjárhagsáætlunar og áætlunar um starfsmannastefnu,
- c) kerfi stofnunarinnar til stjórnunar og innra eftirlits og varðandi framvindu við framkvæmd verkefnastjórnunarkerfa og -tækni sem um getur í e-lið 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1285/2013,
- d) hverjar þær ráðstafanir sem bæta árangur stofnunarinnar í umhverfismálum,
- e) niðurstöður innri og ytri úttekta og eftirfylgni að því er varðar tilmæli í úttektum og framkvæmd tilmæla,
- f) yfirlýsing framkvæmdastjóra um að reikningar séu réttir.

Birta skal samantekt ársskýrslunnar.“

3) Í stað 1. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þegar rekstur kerfanna kann að hafa áhrif á öryggi Sambandsins eða aðildarríkjanna, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1285/2013, gilda þær málsmæðferðarreglur sem eru settar fram í sameiginlegri aðgerð 2004/552/SSUÖ.“

4) Í stað 10. og 11. gr. komi eftirfarandi:

„10. gr.

Almennar meginreglur

Starfsemi faggildingaraðila um öryggisviðurkenningu fyrir evrópsk, hnattræn gervihnattaleiðsögukerfi, sem um getur í þessum kafla, skal fara fram í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

- a) starfsemi og ákvarðanir faggildingaraðila um öryggisviðurkenningu skulu vera í samhengi við sameiginlega ábyrgð á öryggi Sambandsins og aðildarríkjanna,
- b) leitast skal við að ná samhljóða samþykki um ákvarðanir,
- c) starfsemi faggildingaraðila um öryggisviðurkenningu skal fara fram á grundvelli nálgunar sem byggir á áhættumati og áhættustjórnun og taka tillit til öryggisáætlu evrópsku, hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfanna, og áhrifa á kostnað eða tímaáætlun ráðstafana til að draga úr áhættunni, með hliðsjón af markmiðinu um að draga ekki úr almennu öryggisstigi kerfanna,
- d) sérfræðingar, sem búa yfir viðeigandi menntun og hæfi til að faggilda flókin kerfi og náð hafa viðunandi öryggisvottunarstigi, skulu undirbúa og taka ákvarðanir um öryggisviðurkenningu og skulu þeir starfa á hlutlægan hátt,
- e) leitast skal við að hafa samráð við alla hlutaðeigandi aðila sem eiga hagsmuna að gæta í öryggismálum,

- f) allir hlutaðeigandi hagsmunaaðilar skulu annast öryggisviðurkenningarstarfsemi faggildingaraðila í samræmi við áætlun um öryggisviðurkenningu faggildingaraðila, með fyrirvara um hlutverk framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem er skilgreind í reglugerð (ESB) nr. 1285/2013,
- g) ákvarðanir faggildingaraðila um öryggisviðurkenningu skulu, samkvæmt ferlinu sem er skilgreint í viðeigandi áætlun um öryggisviðurkenningu faggildingaraðila, byggðar á staðbundnum ákvörðunum viðkomandi faggildingaryfirvalda aðildarríkjanna á sviði öryggisviðurkenningar,
- h) stöðugt, gagnsætt og að öllu leyti skiljanlegt eftirlitsferli skal tryggja að öryggisáætla evrópskra, hnattrænna gervihnattaleiðsögukerfa sé þekkt, að öryggisráðstafanir séu skilgreindar til að draga úr slíkri áhættu að viðunandi marki í ljósi öryggisþarfa Sambandsins og aðildarríkja þess og vegna snurðulauss rekstrar áætlanna og að þeim ráðstöfunum sé beitt í samræmi við hugtakið um lagskiptar varnir. Meta skal stöðugt árangur slíkra ráðstafana. Fara skal með ferlið við öryggisáættumat og öryggisstjórnun sem sameiginlegt ítrunarferli hagsmunaaðila áætlanna,
- i) taka skal ákvarðanir um öryggisviðurkenningu faggildingaraðila algerlega óháð öðrum, þ.m.t. með hliðsjón af framkvæmdastjórninni og öðrum þeim aðilum sem ábyrgð bera á framkvæmd áætlanna og veitingu þjónustu, og með tilliti til framkvæmdastjóra og stjórn stofnunarinnar,
- j) starfsemi faggildingaraðila um öryggisviðurkenningu skal fara fram þannig að tilhlýðilegt tillit sé tekið til þarfar á nægilegri samræmingu milli framkvæmdastjórnarinnar og þeirra yfirvalda sem bera ábyrgð á að koma öryggisákvæðum til framkvæmda,
- k) allir þeir hagsmunaaðilar, sem taka þátt í að koma áætlunum til framkvæmda í samræmi við grundvallarreglur og lágmarksstaðla sem settar eru fram í öryggisreglum ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar, eftir því sem við á, um verndun trúnaðarupplýsinga ESB, skulu fara með og vernda trúnaðarupplýsingar ESB.

11. gr.

Faggildingarráð um öryggisviðurkenningu

1. Hér með er komið á fót faggildingarráði um öryggisviðurkenningu evrópskra, hnattrænna gervihnattaleiðsögukerfa sem skal annast þau verkefni sem sett eru fram í þessari grein.
2. Faggildingarráð um öryggisviðurkenningu skal sinna verkefnum sínum með fyrirvara um þá ábyrgð sem framkvæmdastjórninni er falin með reglugerð (ESB) nr. 1285/2013, einkum um málefni er varða öryggismál, og með fyrirvara um valdheimildir aðildarríkjanna að því er varðar öryggisviðurkenningu faggildingaraðila.
3. Í krafti stöðu sinnar sem faggildingaryfirvald skal faggildingarráð um öryggisviðurkenningu, að því er varðar öryggisviðurkenningu evrópskra, hnattrænna gervihnattaleiðsögukerfa, bera ábyrgð á:
 - a) skilgreiningu og samþykkt öryggisviðurkenningaráætlunar þar sem fram kemur:
 - i. umfang þeirrar starfsemi sem er nauðsynleg til að framkvæma og viðhalda öryggisviðurkenningu á evrópskum, hnattrænum gervihnattaleiðsögukerfum og mögulegum samtengingum þeirra við önnur kerfi,
 - ii. öryggisviðurkenningarferli faggildingaraðila fyrir evrópsk, hnattræn gervihnattaleiðsögukerfi sem er nægilega ítarlegt til að endurspeglar það áreiðanleikastig sem krafist er og þar sem skilyrði viðurkenningar koma skýrt fram; fylgja skal ferlinu í samræmi við viðeigandi kröfur, einkum þær sem um getur í 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1285/2013,
 - iii. hlutverk hlutaðeigandi hagsmunaaðila sem taka þátt í faggildingarferlinu,
 - iv. faggildingaráætlun sem er í samræmi við áfanga áætlunarinnar, einkum að því er varðar nýtingu innviða, þjónustuveitingu og framþróun,
 - v. meginreglur öryggisviðurkenningar faggildingaraðila fyrir netkerfi sem tengjast kerfunum og PRS-búnað sem tengist kerfunum sem er komið á fót innan ramma Galileóáætlunarinnar og þar til bærar einingar í aðildarríkjunum á sviði öryggismála annast framkvæmd á,

- b) töku ákvarðana um öryggisviðurkenningu faggildingaraðila, einkum samþykki fyrir því að skjóta gervihnöttum á loft, heimild til að reka kerfin í mismunandi samsetningum þeirra og vegna ýmiss konar þjónustu og þ.m.t. merki í geimnum, og heimild til að reka jarðstöðvar. Að því er varðar netkerfi og PRS-búnað, sem tengist kerfinu sem er komið á fót innan ramma Galíleóáætlunarinnar, skal faggildingarráð um öryggisviðurkenningu taka ákvarðanir einungis með heimild þeirra aðila sem þróa og framleiða PRS-viðtökubúnað eða PRS-öryggiseiningar, með tilliti til þeirrar ráðgjafar sem þar til bærir sérfræðingar aðildarríkja á sviði öryggismála og heildaröryggisáhættu veita,
- c) að kanna og að samþykkja öll gögn er varða öryggisviðurkenningu faggildingaraðila nema að því er varðar gögn sem framkvæmdastjórnin á að samþykkja skv. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1285/2013 og 8. gr. ákvörðunar nr. 1104/2011/ESB,
- d) að veita, innan valdheimilda sinna, framkvæmdastjórninni ráðgjöf við gerð draga að gerðum sem um getur í 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1285/2013 og 8. gr. ákvörðunar nr. 1104/2011/ESB, þ.m.t. við að koma á verklagsreglum vegna öryggismála, og að setja fram yfirlýsingu um endanlega afstöðu þess,
- e) að kanna og samþykkja öryggisáhættumat sem er þróað í samræmi við eftirlitsferlið sem um getur í h-lið 10. gr., með hliðsjón af því að fylgt sé þeim gögnum sem um getur í c-lið þessarar málsgreinar og þeim sem eru samin í samræmi við 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1285/2013 og 8. gr. ákvörðunar nr. 1104/2011/ESB; að taka upp samstarf við framkvæmdastjórnina um skilgreiningu á ráðstöfunum til að draga úr áhættu,
- f) að kanna framkvæmd öryggisráðstafana í tengslum við öryggisviðurkenningu evrópskra, hnattrænna gervihnattaleiðsögukerfa með því að annast eða láta fara fram öryggismat, -skoðun eða -endurskoðun, í samræmi við b-lið 12. gr. þessarar reglugerðar,
- g) að styðja val á viðurkenndum tækjum og ráðstöfunum til varnar gegn hlerunum með rafeindatækni (TEMPEST) og á viðurkenndum dulkóðunartækjum sem eru notuð til að tryggja öryggi evrópskra, hnattrænna gervihnattaleiðsögukerfa,
- h) að viðurkenna eða, ef við á, taka þátt í sameiginlegri viðurkenningu á samtengingu evrópskra, hnattrænna gervihnattaleiðsögukerfa og annarra kerfa, ásamt viðeigandi þar til bærum aðila á sviði öryggismála,
- i) að samþykkja ásamt hlutaðeigandi aðildarríki sniðmát vegna aðgangsstýringar sem um getur í c-lið 12. gr.,
- j) að tilkynna framkvæmdastjórninni, á grundvelli áhættuskýrslna sem um getur í 11. mgr. þessarar greinar, um áhættumat sitt og veita henni ráðgjöf varðandi mögulega meðhöndlun á eftirstæðum áhættuþáttum í tengslum við tiltekna ákvörðun faggildingaraðila um öryggisviðurkenningu,
- k) að aðstoða ráðið, í nánnum tengslum við framkvæmdastjórnina, við að koma sameiginlegu aðgerðinni 2004/552/SSUÖ til framkvæmda að sérstakri beiðni ráðsins,
- l) að annast samráð sem er nauðsynlegt til að það geti sinn verkefnum sínum.

4. Faggildingarráð um öryggisviðurkenningu skal einnig:

- a) undirbúa og samþykkja þann hluta vinnuáætlunarinnar til margra ára, sem um getur í 1. mgr. 8. gr. a, varðandi þá starfsemi sem fellur undir þennan kafla og nauðsynlegt fjármagn og mannauð til að ná árangri í þeirri starfsemi og leggja hann fyrir stjórnina í góðan tíma svo að hún geti fellt hann inn í vinnuáætlunina til margra ára,
- b) undirbúa og samþykkja þann hluta árlegu vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. a varðandi þá starfsemi sem fellur undir þennan kafla og nauðsynlegt fjármagn og mannauð til að ná árangri í þeirri starfsemi og leggja fyrir stjórnina í góðan tíma svo að hún geti fellt hann inn í árlegu vinnuáætlunina,

c) undirbúa og samþykkja þann hluta ársskýrslunnar sem um getur í h-lið 2. mgr. 6. gr. er varðar starfsemi og framtíðarhorfur stofnunarinnar sem fellur undir þennan kafla og nauðsynlegt fjármagn og mannauð til að ná árangri í þeirri starfsemi og leggja hann fyrir stjórnina í góðan tíma svo að hún geti felld hann inn í ársskýrsluna,

d) setja sér starfsreglur og birta þær.

5. Framkvæmdastjórnin skal veita faggildingarráðinu stöðugt upplýsingar um áhrif af hvers kyns fyrirhuguðum ákvörðunum faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu á rétta framkvæmd áætlananna og framkvæmd fyrirætlaða um meðhöndlun á eftirstæðum áhættuþáttum. Faggildingarráð um öryggisviðurkenningu skal taka slíkt álit framkvæmdastjórnarinnar til greina.

6. Ákvörðunum faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu skal beint til framkvæmdastjórnarinnar.

7. Faggildingarráðið skal skipað einum fulltrúa frá hverju aðildarríki, fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar og fulltrúa æðsta talsmanns Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum. Aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og æðsti talsmaðurinn skulu leitast við að skipta fulltrúum sínum í faggildingarráði um öryggisviðurkenningu út fyrir aðra eins sjaldan og kostur er. Skipunartími fulltrúa í faggildingarráðinu skal vera fjögur ár og er heimilt að endurnýja hann. Fulltrúa Geimvísindastofnunar Evrópu skal boðið að sitja fundi faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu sem áheyrnarfulltrúi. Í sérstökum undantekningartilvikum er einnig hægt að bjóða fulltrúum þriðju landa eða alþjóðastofnana að sitja fundi sem áheyrnarfulltrúar í málum sem þau varða með beinum hætti. Setja skal tilhögun slíkrar þátttöku fulltrúa þriðju landa eða alþjóðastofnana og skilyrði þar að lútandi fram í samningunum sem um getur í 1. mgr. 23. gr. og skal það vera í samræmi við starfsreglur faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu.

8. Faggildingarráð um öryggisviðurkenningu skal kjósa sér formann og varaformann úr eigin röðum með tveimur þriðju hlutum atkvæða allra atkvæðisbærra fulltrúa. Varaformaður skal sjálfkrafa taka sæti formanns í forföllum hans.

Faggildingarráð um öryggisviðurkenningu skal hafa heimildir til að víkja formanni, varaformanni eða báðum úr starfi. Það skal samþykkja ákvörðun um að víkja þeim úr starfi með tveimur þriðju hlutum atkvæða.

Skipunartími formanns og varaformanns faggildingarráðsins um öryggisviðurkenningu skal vera tvö ár og má endurnýja hann einu sinni. Skipunartíma hvors þeirra sem er skal ljúka ef hann eða hún hættir sem fulltrúi hjá faggildingarráðinu.

9. Faggildingarráð um öryggisviðurkenningu skal hafa aðgang að öllum þeim mannauði og aðbúnaði sem er nauðsynlegur til að geta veitt viðeigandi stjórnsýslustuðning og til að geta annast, ásamt aðilunum sem um getur í 11. mgr., verkefni sín sjálfstætt, einkum hvað varðar meðhöndlun skjala, innleiðingu öryggisráðstafana og eftirlit með framkvæmd þeirra og úttektir á öryggi kerfa, undirbúning ákvarðana og skipulagningu funda. Það skal einnig hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum í eigu stofnunarinnar til að geta sinnt verkefnum sínum, sbr. þó meginreglurnar um óhæði og sjálfstæði sem um getur í i-lið 10. gr.

10. Faggildingarráðið um öryggisviðurkenningu og þeir starfsmenn stofnunarinnar sem starfa undir stjórn þess skulu sinna störfum sínum á þann hátt að óhæði og sjálfstæði frá annarri starfsemi stofnunarinnar sé tryggt, einkum starfsemi sem tengist nýtingu kerfanna, í samræmi við markmið áætlunarinnar. Í þessu skyni skal koma á skilvirkri stjórnsýslulegri skiptingu innan stofnunarinnar milli þeirra starfsmanna sem taka þátt í þeirri starfsemi sem fellur undir þennan kafla og annarra starfsmanna stofnunarinnar. Faggildingarráð um öryggisviðurkenningu skal þegar í stað upplýsa framkvæmdastjórnann, stjórnina og framkvæmdastjórnina um hverjar þær aðstæður sem gætu dregið úr óhæði þess eða sjálfstæði. Ef ekki er unnt að ráða bóta á því innan stofnunarinnar skal framkvæmdastjórnin kanna ástandið í samræði við viðeigandi aðila. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli niðurstöðu könnunarinnar, gera viðeigandi ráðstafanir til draga úr áhættu, sem stofnunin skal koma til framkvæmda, og upplýsa Evrópuþingið og ráðið um það.

11. Faggildingarráð um öryggisviðurkenningu skal koma á fót sérstökum undirsettum aðilum sem starfa samkvæmt fyrirætlum þess og fara með sértæk málefni. Einkum skal það koma á fót nefnd til að stýra endurskoðun á öryggisgreiningu og öryggisprófunum með tilliti til þess að semja viðeigandi áhættuskýrslur og aðstoða ráðið þannig við undirbúning ákvarðana sinna, en tryggja jafnframt samfellu í starfinu. Faggildingarráð um öryggisviðurkenningu getur komið á fót og leyst upp sérfræðingahópa sem leggja til starfs nefndarinnar.

12. Með fyrirvara um valdheimild aðildarríkjanna og verkefni stofnunarinnar, sem um getur í i. lið a-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1285/2013, í nýtingaráfanga Galíleóáætlunarinnar, skal koma á fót hópi sérfræðinga aðildarríkjanna undir eftirliti faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu til að annast verkefni dreifingaryfirvalds vegna dulkóðunarmála er varða stjórnun dulkóðunarefnis ESB, einkum hvað varðar:

- i. stjórnun fluglykla og annarra lykla sem er nauðsynlegir vegna starfsemi kerfisins sem er komið á fót innan ramma Galíleóáætlunarinnar,
- ii. sannprófun á því að komið hafi verið á fót og fylgt málsmeðferð varðandi það að standa skil á PRS-lyklum og tryggja örugga meðferð, geymslu og dreifingu þeirra.

13. Náist ekki samhljóða samkomulag samkvæmt þeim almennum meginreglum, sem um getur í 10. gr. þessarar reglugerðar, skal faggildingarráð um öryggisviðurkenningu taka ákvarðanir á grundvelli þess meirihluta sem kveðið er á um í 16. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og með fyrirvara um 9. gr. þessarar reglugerðar. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar og fulltrúi æðsta talsmannsins skulu ekki greiða atkvæði. Formaður faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu skal undirrita ákvarðanir sem ráðið samþykkir fyrir hönd þess.

14. Framkvæmdastjórnin skal án ástæðulausrar tafar veita Evrópuþinginu og ráðinu upplýsingar um áhrif af samþykkt ákvarðana faggildingaraðila um öryggisviðurkenningu á rétta framkvæmd áætlana. Telji framkvæmdastjórnin að ákvörðun, sem faggildingarráð um öryggisviðurkenningu tekur, kunni að hafa umtalsverð áhrif á eðlilega framkvæmd áætlana, t.d. að því er varðar kostnað, tímaáætlun eða frammistöðu, skal hún tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu þegar í stað.

15. Að teknu tilliti til álits Evrópuþingsins og ráðsins, sem láta skal í ljós innan eins mánaðar, getur framkvæmdastjórnin samþykkt fullnægjandi ráðstafanir í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1285/2013.

16. Veita skal stjórninni reglubundið upplýsingar um framgang starfs faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu.

17. Tímaramminn um starf faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu skal falla innan þeirrar árlegu vinnuáætlunar sem um getur í 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1285/2013.“

5) Eftirfarandi grein er felld inn:

„11. gr. a

Verkefni formanns faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu

1. Formaður faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu skal hafa eftirfarandi verkefni með höndum:

- a) stjórna öryggisviðurkenningu faggildingaraðila undir eftirliti faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu,
- b) koma til framkvæmda þeim hluta af vinnuáætlunum stofnunarinnar til margra ára og til eins árs, sem falla undir þennan kafla, undir eftirliti faggildingarráðsins,
- c) aðstoða framkvæmdastjórnann við gerð draga að yfirliti yfir stöðugildi sem um getur í 3. mgr. 13. gr. og stjórnskipulagi stofnunarinnar,

- d) útbúa þann hluta af framvinduskýrslunni sem um getur í g-lið 8. gr. og varðar þá starfsemi sem fellur undir þennan kafla og leggja fyrir faggildingarráð um öryggisviðurkenningu og framkvæmdastjóra í góðan tíma svo að unnt sé að fella hann inn í framvinduskýrsluna,
- e) útbúa þann hluta ársskýrslunnar og aðgerðaáætlunarinnar sem um getur í h- og r-lið 8. gr., eftir því sem við á, varðandi þá starfsemi sem fellur undir þennan kafla, og leggja fyrir framkvæmdastjóra í góðan tíma,
- f) koma fram fyrir hönd stofnunarinnar í því starfi og ákvörðunum sem falla undir þennan kafla,
- g) fara með þær valdheimildir, að því er varðar þá starfsmenn stofnunarinnar sem taka þátt í því starfi sem fjallað er um í þessum kafla, sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. 6. gr. og honum eru faldar í samræmi við fjórðu undirgrein 3. mgr. 6. gr.

2. Evrópuþingið og ráðið geta farið fram á það við formann faggildingarráðsins að hann eigi við stofnanirnar skoðanaskipti um starfsemi og framtíðarhorfur stofnunarinnar, þ.m.t. með tilliti til vinnuáætlana til margra ára og til eins árs.“

6) Í stað b-liðar 12. gr. komi eftirfarandi:

„b) veita einstaklingum, sem til þess hafa fullt umboð og faggildingarráð um öryggisviðurkenningu skipar, í samkomulagi við og undir eftirliti þar til bærri aðila aðildarríkja á sviði öryggismála, aðgang að upplýsingum og öllum sviðum og/eða stöðum sem varða öryggi kerfa sem falla innan lögsögu þeirra, í samræmi við landslög og -reglur og án mismununar á grundvelli ríkisfangs ríkisborgara aðildarríkja, þ.m.t. vegna öryggisúttekta og öryggisprófana sem faggildingarráðið um öryggisviðurkenningu ákveður, og eftirlits með öryggisáhættu sem um getur í h-lið 10. gr. Framkvæma skal þessar úttektir og prófanir í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

- i. leggja skal áherslu á mikilvægi öryggis og skilvirka áhættustjórnun innan þeirra eininga sem teknar eru til skoðunar,
- ii. mæla skal með gagnráðstöfunum til að draga úr sértækum áhrifum af því þegar trúnaðarupplýsingar njóta ekki lengur trúnaðar, tapa heilleika eða dregur úr aðgengi að þeim.“

7) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Framkvæmdastjórinn skal, í nánú samstarfi við formann faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu, að því er varðar þá starfsemi sem fellur undir III. kafla, gera drög að tekju- og útgjaldamati fyrir stofnunina fyrir komandi fjárhagsár, og gera skýran greinarmun á þeim þáttum í matsdrögunum sem varða öryggisviðurkenningu faggildingaraðila og aðra starfsemi stofnunarinnar. Formaður faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu getur sett fram yfirlýsingu á drögunum og framkvæmdastjórinn skal framsenda bæði matsdrögin og yfirlýsinguna til stjórnar og faggildingarráðsins, ásamt drögum að yfirliti um stöðugildi.“

b) Í stað 5. og 6. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Á hverju ári skal stjórnin gera áætlun um tekjur og útgjöld stofnunarinnar fyrir næsta fjárhagsár, byggt á drögum að áætlun um útgjöld og tekjur og í nánú samstarfi við faggildingarráð um öryggisviðurkenningu að því er varðar þá starfsemi sem fellur undir III. kafla.

6. Eigi síðar en 31. mars skal stjórnin framsenda þessa fjárhagsáætlun, sem hefur að geyma drög að yfirliti um stöðugildi og drög að árlegri verkefnaáætlun, til framkvæmdastjórnarinnar og til þeirra þriðju landa eða alþjóðastofnana sem Sambandið hefur gert samninga við í samræmi við 1. mgr. 23. gr.“

8) Í stað 10. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„10. Fyrir 30. apríl á árinu N + 2 skal Evrópuþingið, að fengnum tilmælum frá ráðinu sem tekur ákvörðun með auknum meirihluta, leysa framkvæmdastjórnann undan ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunar fyrir árið N, þó ekki þeim hluta hennar sem tekur til verkefna sem eru, eftir því sem við á, falin stofnuninni skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1285/2013 en málsmeðferðin, sem um getur í 164. og 165. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012, á við um þau (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 frá 25. október 2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 (Stjtið. ESB L 298, 26.10.2012, bls. 1).“

9) Eftirfarandi kafli er felldur inn:

„IV. KAFLI A

MANNAUDUR*15. gr. a***Starfsmenn**

1. Starfsmannareglur embættismanna Evrópusambandsins, ráðningarskilmálar annarra starfsmanna Evrópusambandsins og reglur, sem stofnanir Evrópusambandsins hafa samþykkt sameiginlega til beitingar þessum starfsreglum og ráðningarskilmálum, skulu gilda um starfsmenn stofnunarinnar.

2. Starfsmenn stofnunarinnar skulu vera þeir starfsmenn sem stofnunin ræður eftir þörfum til að sinna verkefnum á hennar vegum. Þeir skulu hafa viðeigandi öryggisvottun vegna trúnaðarupplýsinga sem þeir hafa til meðferðar.

3. Innri reglur stofnunarinnar, s.s. starfsreglur stjórnar, starfsreglur faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu, fjárhagsreglur sem gilda um stofnunina, reglur um beitingu starfsmannareglna og reglur um aðgang að skjölum, skulu tryggja óháði og sjálfstæði starfsmanna sem sinna öryggisviðurkenningu faggildingaraðila gagnvart starfsmönnum sem sinna annarri starfsemi stofnunarinnar skv. i. lið 10. gr.

*15. gr. b***Skipun og skipunartími framkvæmdastjóra**

1. Framkvæmdastjóri skal ráðinn sem tímabundinn starfsmaður hjá stofnuninni í samræmi við a-lið 2. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna.

2. Stjórnin skipar framkvæmdastjóra og er hann valinn á grundvelli verðleika sinna og skjalfestrar stjórnsýslu- og stjórnunarfærni, auk viðeigandi hæfni og reynslu, af lista yfir umsækjendur sem framkvæmdastjórnin gerir tillögu um í kjölfar opinna samkeppni sem fram fer eftir að auglýst hefur verið eftir áhugasömum einstaklingum í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða annars staðar.

Áður en umsækjandinn, sem stjórnin velur, er skipaður má bjóða honum, eins fljótt og unnt er, að gefa yfirlýsingu frammi fyrir Evrópuþinginu og svara spurningum þingmanna.

Formaður stjórnar skal koma fram fyrir hönd stofnunarinnar við gerð samnings við framkvæmdastjórnann.

Stjórnin skal taka ákvörðun um að skipa framkvæmdastjóra með atkvæðum tveggja þriðju hluta stjórnarmanna.

3. Skipunartími framkvæmdastjóra skal vera fimm ár. Við lok skipunartímans skal framkvæmdastjórnin leggja mat á frammistöðu framkvæmdastjórans með hliðsjón af þeim verkefnum og viðfangsefnum sem biða stofnunarinnar í framtíðinni.

Stjórnin getur, á grundvelli tillögu frá framkvæmdastjórninni, með hliðsjón af því mati sem um getur í fyrstu undirgrein, framlengt skipunartíma framkvæmdastjóra í eitt skipti um allt að fjögur ár.

Tveir þriðju hlutar stjórnarfulltrúa skulu samþykkja ákvörðun um að framlengja skipunartíma framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri sem nýtur framlengds skipunartíma skal ekki taka þátt í valferli vegna sömu stöðu eftir það.

Stjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu um þá fyrirætlán sína að framlengja skipunartíma framkvæmdastjóra. Áður en skipunartíminn er framlengdur er heimilt að bjóða framkvæmdastjóra að gefa yfirlýsingu frammi fyrir viðkomandi nefndum Evrópuþingsins og svara spurningum þingmanna.

4. Stjórnin getur vikið framkvæmdastjóra frá störfum, á grundvelli tillögu frá framkvæmdastjórninni eða þriðjungi stjórnarfulltrúa, með ákvörðun sem samþykkt er af tveimur þriðju hlutum fulltrúa.

5. Evrópuþingið og ráðið geta mælst til þess við framkvæmdastjórnann að hann eigi við stofnanirnar skoðanaskipti um starfsemi og framtíðarhorfur stofnunarinnar, þ.m.t. með tilliti til vinnuáætlana til margra ára og til eins árs. Í þessum skoðanaskiptum skal ekki fjalla um öryggisviðurkenningu faggildingaraðila sem fellur undir III. kafla.

15. gr. c

Útsendir sérfræðingar aðildarríkjanna

Stofnunin getur notað sérfræðinga aðildarríkjanna. Þessir sérfræðingar skulu hafa viðeigandi öryggisvottun vegna þeirra trúnaðarupplýsinga sem þeir vinna með. Starfsmannareglurnar og ráðningarskilmálar annarra starfsmanna gilda ekki um slíka starfsmenn.“

10) Í stað 16. og 17. gr. komi eftirfarandi:

„16. gr.

Ráðstafanir til að koma í veg fyrir svik

1. Í því skyni að berjast gegn svikum, spillingu og annarri ólögmati starfsemi skal reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 833/2013 (*) gilda um stofnunina án takmarkana. Stofnunin skal í þessu skyni gerast aðili að samstarfssamningi milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um innri rannsóknir Evrópuskrifstofunnar frá 25. maí 1999 um aðgerðir gegn svikum (OLAF) (**) og gefa út viðeigandi ákvæði um starfsmenn stofnunarinnar og útsenda sérfræðinga aðildarríkjanna með því að nota þá fyrirmynd að ákvörðun sem er að finna í viðaukanum við þann samning.

2. Endurskoðunarrétturinn skal hafa heimild til að hafa eftirlit með þeim, sem njóta fjármögnunar frá stofnuninni og með verktökum og undirverktökum sem hafa notið fjármögnunar hjá Sambandinu fyrir milligöngu stofnunarinnar, á grundvelli skjala sem honum eru látin í té eða með vettvangseftirliti.

3. Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum getur, með hliðsjón af fjármögnun styrkja eða samninga sem stofnunin gerir, annast rannsóknir, þ.m.t. eftirlit og skoðanir á vettvangi, í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) nr. 883/2013 og reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 (***) til að berjast gegn svikum, spillingu og öðru ólöglegu athæfi sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar skulu samstarfssamningar stofnunarinnar við þriðju lönd eða alþjóðastofnanir, samningar og styrksamningar sem stofnunin gerir við þriðju aðila og hverjar þær fjárhagslegu ákvarðanir sem hún tekur veita Endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum skýlaust umboð til að viðhafa slíkt eftirlit og annast rannsóknir, í samræmi við valdheimildir hvors um sig.

17. gr.

Sérréttindi og friðhelgi

Bókun 7 um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins, sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, skal gilda um stofnunina og starfsmenn hennar sem um getur í 15. gr. a.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtið. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

(**) Stjtið. EB L 136, 31.5.1999, bls. 15.

(***) Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og skoðanir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtið. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).“

11) Ákvæði 18. gr. falli brott.

12) Í stað 22. og 23. gr. komi eftirfarandi:

„22. gr.

Öryggisreglur um verndun trúnaðarupplýsinga og viðkvæmra upplýsinga

1. Stofnunin ætti að beita öryggisreglum framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar verndun trúnaðarupplýsinga ESB.

2. Stofnunin getur sett ákvæði í innri reglur sínar um meðferð upplýsinga sem eru ekki trúnaðarflokkaðar en eru taldar viðkvæmar. Slík ákvæði taka m.a. til miðlunar, meðferðar og geymslu þeirra.

22. gr. a

Hagsmunaárekstrar

1. Stjórnarfulltrúar og fulltrúar í faggildingarráði um öryggisviðurkenningu, framkvæmdastjóri og útsendir sérfræðingar aðildarríkja og áheyrnarfulltrúar skulu gefa yfirlýsingu um skuldbindingu og yfirlýsingu um hagsmuni þar sem greint er frá því hvort einhverjir beinir eða óbeinir hagsmunir sem raskað gætu óhæði þeirra séu fyrir hendi eður ei. Þessar yfirlýsingar skulu vera ítarlegar og tæmandi. Þær skal gefa skriflega þegar þeir hefja störf og endurnýjaðar einu sinni á ári. Þær skal uppfæra eftir þörfum, einkum í ljósi breytinga sem máli skipta á persónulegum högum viðkomandi einstaklinga.

2. Stjórnarfulltrúar og fulltrúar í faggildingarráði um öryggisviðurkenningu, framkvæmdastjóri, svo og útsendir sérfræðingar aðildarríkja og áheyrnarfulltrúar og utanaðkomandi sérfræðingar sem taka þátt í starfi sérstakra vinnuhópa, skulu, fyrir hvern fund sem þeir sitja, lýsa því yfir með ítarlegum og tæmandi hætti hvort til staðar séu hagsmunir sem kunna að raska óhæði þeirra í tengslum við málefni sem eru á dagskrá og skulu ekki taka þátt í umfjöllun eða atkvæðagreiðslu um slík málefni.

3. Stjórnin og faggildingarráð um öryggisviðurkenningu skulu í starfsreglum sínum mæla fyrir um hagnýtt fyrirkomulag varðandi regluna um yfirlýsingu um hagsmuni sem um getur í 1. og 2. mgr. og með hvaða hætti koma má í veg fyrir og hafa stjórn á hagsmunaárekstrum.

23. gr.

Þátttaka þriðju landa og alþjóðastofnana

1. Þriðju löndum og alþjóðastofnunum skal vera heimil þátttaka í stofnuninni. Setja skal slíka þátttöku og skilyrði fyrir henni fram í samningi milli Sambandsins og þriðja landsins eða alþjóðastofnunarinnar í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

2. Í samræmi við viðeigandi ákvæði þessara samninga skal þróa hagnýtt fyrirkomulag á þátttöku þriðju landa eða alþjóðastofnana í starfi stofnunarinnar, þ.m.t. fyrirkomulag í tengslum við þátttöku þeirra í framtaksverkefnum á vegum stofnunarinnar, fjárframlög og starfsmenn.

23. gr. a

Sameiginleg innkaup með aðildarríkjunum

Stofnuninni skal, að því er varðar framkvæmd verkefna sinna, vera heimilt að ganga til samninga sameiginlega með aðildarríkjunum í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1268/2012 (*).

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1268/2012 frá 29. október 2012 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins (Stjtið. ESB L 362, 31.12.2012, bls. 1).“

13) Í stað 26. gr. komi eftirfarandi:

„26. gr.

Endurskoðun, mat og úttekt

1. Eigi síðar en 31. desember 2016 og á fimm ára fresti þaðan í frá skal framkvæmdastjórnin leggja mat á stofnunina, einkum að því er varðar áhrif hennar, skilvirkni, snurðulausa starfsemi, vinnulag, kröfur og notkun þeirra fjármuna sem hún fær til ráðstöfunar. Í matinu skal m.a. felast mat á breytingum á gildissviði eða eðli verkefna stofnunarinnar og fjárhagslegum áhrifum þeirra. Í því skal fjalla um framkvæmd stefnu stofnunarinnar varðandi hagsmunaárekstra og það skal einnig endurspegla hvers kyns aðstæður sem kunna að hafa dregið úr sjálfstæði og óhæði faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu um matið og niðurstöður þess fyrir Evrópuþingið, ráðið, stjórnina og faggildingarráð stofnunarinnar um öryggisviðurkenningu. Niðurstöður matsins skulu birtar opinberlega.

3. Eitt mat af hverjum tveimur skal innihalda skoðun á efnahagsreikningi stofnunarinnar með tilliti til markmiða hennar og verkefna. Ef framkvæmdastjórnin lítur svo á að ekki sé lengur hægt að réttlæta áframhaldandi rekstur stofnunarinnar, með tilliti til markmiða og þeirra verkefna sem henni eru falin, getur hún, eftir því sem við á, lagt til að reglugerð þessi verði felld úr gildi.

4. Gera má ytri úttektir á frammistöðu stofnunarinnar að beiðni stjórnar eða framkvæmdastjórnarinnar.“

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. apríl 2014.

Fyrir Evrópuþingið,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. KOURKOULAS

forseti.